

9. gr.

Frá og með 1. janúar 1979 er heimilt að nota löggiltan skjalapappír að stærðinni A 4 samkvæmt íslenskum staðli nr. 1 um stærðir pappírs, jafnhliða nógildandi pappírsstærð.

Frá 1. janúar 1981 er einungis heimilt að nota pappírsstærðina A 4.

10. gr.

Þinglýsingardómarar skulu nota núverandi gerð þinglýsingarbóka þar til dómsmálaráðuneytið gefur fyriræli til einstakra embætta um annað.

III. KAFLI.

Gildistaka o. fl.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í þinglýsingarlögum nr. 39 frá 10. maí 1978, öðlast gildi 1. janúar 1979. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um löggiltan skjalapappír, veðmálabækur, tilheyrandi skrár o. fl. nr. 83 frá 27. desember 1928.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Þorleifur Pálsson.

21. desember 1978.

Nr. 439.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um réttindi til vinnu og meðferðar á
vinnuvélum nr. 121 5. september 1967.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Sá einn getur öðlast réttindi til að vinna með vinnuvélum þeim sem um getur í 1. gr., sem orðinn er fullra 17 ára, hefur nægilega góða sjón og heyrn og næga andlega og líkamlega hreysti, samkvæmt læknisvottorði og að mati öryggismálastjóra, hefur sótt námskeið öryggiseftirlitsins í meðferð vinnuvéla og staðist hefur próf, sem sýni hæfni hans og kunnáttu í meðferð slíkra tækja, samkvæmt 4. gr.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Sá, sem óskar að ganga undir próf til að sýna kunnáttu sína í að vinna með tækjum þeim, sem reglugerð þessi nær til, skal senda skriflega umsókn um prófun til öryggiseftirlits ríkisins.

Umsókninni skulu fylgja:

- a. Vottorð um að umsækjandi hafi lokið þátttöku í námskeiði öryggiseftirlitsins í meðferð vinnuvéla og að hann hafi notið kennslu í meðferð og vinnu með vinnuvélum frá manni, sem rétt hefur til að kenna að vinna með slíkum tækjum samkvæmt 5. gr.
- b. Læknisvottorð um sjón og heyrn umsækjanda og um andlega og líkamlega hreysti hans.

- c. Tvær skýrar andlitsmyndir af umsækjanda berhöfðuðum. Stærð myndar skal vera 35x45 mm. Hún skal vera á endingargóðum ljósmyndapappír merkja- og stimplalaus og eigi eldri en 2ja ára.
- d. Prófgjald. Öryggismálastjóri ákveður upphæð prófgjalds í byrjun hvers árs og miðast það við að það standi undir kostnaði við prófun.

Umsókn um aukin réttindi á gildistíma skirteinis, fylgi aðeins vottorð um kennslu í meðferð viðkomandi vinnuvélar og prófgjald.

3. gr.

4. gr. orðist svo:

Telji öryggiseftirlitið umsókn og meðfylgjandi skilríki samkvæmt 3. gr. fullnægjandi, felur öryggismálastjóri þá sérhæfðum manni, tilnefndum af honum, að prófa umsækjanda.

Þeim einum má veita meira próf samkvæmt 3. mgr. 1. gr. sem áður hefur staðist framangreint próf og hefur að minnsta kosti 2000 klst. þjálfun í starfi með vinnuvél.

Standist umsækjandi prófið fær hann í hendur skirteini sem öryggiseftirlit gefur út og veitir honum réttindi þau sem um getur í 1. gr.

Í skirteini skal greina:

1. Númer skirteinis.
2. Nafn, fæðingardag, fæðingarár, nafnnúmer og heimilisfang skirteinishafa.
3. Útgáfudag skirteinis.
4. Hvenær skirteini er fyrst útgefið.
5. Gildistíma skirteinis.
6. Hvers konar réttindi skirteinið veitir.

Í skirteini skal vera mynd af skirteinishafa.

Skal handhafi skirteinis jafnan hafa það við hendina þegar hann er að vinna með tæki því sem skirteinið varðar.

Skirteinið gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Óski handhafi skirteinis að endurnýja það að þeim tíma liðnum skal mynd og læknisvottorð fylgja umsókn um endurnýjun, sbr. 3. gr. b og c.

Öryggiseftirlitið heldur námskeiði í meðferð vinnuvéla þegar þörf krefur og eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Öryggismálastjóri skal setja námskrá fyrir námskeiðin.

Fyrir þátttöku í námskeiði greiði hver nemandi kennslugjald sem öryggismálastjóri ákveður áður en námskeið hefst og skal miðað við að gjöldin hrökkvi til greiðslu kostnaðar. Gjaldið greiðist fyrirfram.

4. gr.

9. gr. orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, nema þyngri hegning liggi við að lögum.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 39 29. apríl 1967 um breyting á lögum nr. 23 1. febrúar 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. desember 1978.

Steingrímur Hermannsson.

Jón Thors.